

# Landssamband ísl. verzlunarmanna

---

Ársreikningur

---

**2016**

Landssamband ísl. verzlunarmanna  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
kt. 420269-0489

---

# Landssamband ísl. verzlunarmanna

---

Ársreikningur

---

2016

Efnisyfirlit	
Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-8

---

## ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa Landssambands Íslenskra Verzlunarmanna.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssambands Íslenskra Verzlunarmanna fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Landssambandi Íslenskra Verzlunarmanna. Í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Landssambands Íslenskra Verzlunarmanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungu við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.


• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 15. mars 2017.

Deloitte ehf.



Pálína Árnadóttir

endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Tilgangur LÍV er að efla samtök skrifstofu- og verslunarfólks, vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra. Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Ennfremur starfar LÍV að starfsmenntun verslunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir öll aðildarfélögin önnur en VR.

Að áliti stjórnar Landssambands íslenzkra verzlunarmanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hagnaður af rekstri sambandsins var 2.529.480 krónur. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 33.239.770, bókfært eigið fé í árslok er kr. 33.239.770 og er eiginfjárlutfall félagsins 100%.

Stjórn sambandsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé sambandsins.

Í samræmi við samþykktir 23. og 25. þings sambandsins sem haldin voru 3. - 4. maí 2002 og 11. - 12. nóvember 2005, gerði framkvæmdastjórn LÍV og stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur með sér samninga um rekstur skrifstofu LÍV. Nýr samningur var gerður 17. nóvember 2015 milli LÍV og VR um rekstur sambandsins. Samkvæmt samningnum skal árlegur skattur aðildarféлага til LÍV renna óskiptur til VR til að standa straum af kostnaði við rekstur sambandsins fyrir utan kr. 1.568.845 á ári, sem lagðar skulu til hliðar og bætast við peningalegar eignir LÍV. Fjárhæðin hækkar/lækkar í takt við innheimtan skatt LÍV hjá aðildarfélögunum.

Stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. mars 2017

Í stjórn

Guðhr. Einsson  
Ógís Einarsen  
Kastín Þjórsd.  
Páey Óla Cindal  
Ólafur Stefánsson  
Binný Halvarsson

## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>			
Skattur frá félögum .....		167.149.566	153.412.871
Framlag VR til LÍV skv. samkomulagi .....		1.568.845	1.438.000
		<u>168.718.411</u>	<u>154.850.871</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Skattur til ASÍ .....		115.027.633	106.216.170
Þjónustusamningur við VR .....		27.939.536	20.066.676
Skattur til erlendra samtaka .....		10.651.788	10.982.570
Laun og launatengd gjöld .....		9.455.788	8.947.267
Ferðakostnaður og fundir .....		2.692.128	6.149.164
Annar kostnaður .....		1.382.693	1.051.024
		<u>167.149.566</u>	<u>153.412.871</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>			
		1.568.845	1.438.000
<b>Fjármunatekjur</b>			
Fjármunatekjur .....	4	1.200.787	1.071.098
Fjármagnsgjöld .....	5	(240.152)	(214.215)
		<u>2.529.480</u>	<u>2.294.883</u>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>			

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Veltufjármunir</b>			
Handbært fé .....	6	33.239.770	30.710.290
		<u>33.239.770</u>	<u>30.710.290</u>
<b>Eignir</b>		<u>33.239.770</u>	<u>30.710.290</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	7		
Óráðstafað eigið fé .....		33.239.770	30.710.290
Eigið fé		<u>33.239.770</u>	<u>30.710.290</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>33.239.770</u>	<u>30.710.290</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

---

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		1.568.845	1.438.000
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.568.845	1.438.000
Innborgaðir vextir og arður .....		960.635	856.883
Handbært fé frá rekstri		2.529.480	2.294.883
Hækkun handbærs fjár .....		2.529.480	2.294.883
Handbært fé í upphafi árs .....		30.710.290	28.415.407
Handbært fé í lok árs .....		33.239.770	30.710.290



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Landsamband Íslenskra verzlunarmanna var stofnað 2. júní 1957. Í því eru 12 verslunarmannafélög og deildir verslunarmanna víðsvegar á landinu með 35.051 fullgilda félagsmenn, skv. skilagreinum frá aðildarfélögum LÍV. Félagsmenn eru 25.865 skv. uppreiknuðum meðalársverkum ASÍ.

Tilgangur LÍV er að efla samtök skrifstofu- og verslunarfólks, vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra.

Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Einnfremur vinnur LÍV að starfsmenntun skrifstofu- og verslunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir öll aðildarfélögin önnur en VR.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landssamband ísl. verzlunarmanna fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2016	2015
Laun .....	7.899.134	7.419.342
Lífeyrissjóður .....	808.636	741.534
Önnur launatengd gjöld .....	748.018	786.391
	<u>9.455.788</u>	<u>8.947.267</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	0,8	0,8

Laun stjórnar námu á árinu 2016 samtals kr. 4.649.884, þar af námu laun formanns kr. 4.569.884.

## 4. Fjármunatekjur

	2016	2015
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	1.200.787	1.071.098
	<u>1.200.787</u>	<u>1.071.098</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2016	2015
Fjármagnstelsjuskattur .....	(240.152)	(214.215)
	<u>(240.152)</u>	<u>(214.215)</u>

## 6. Aðrar peningalegar eignir

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2016	31.12.2015
Íslandsbanki 0526-26-480 .....	17.837	17.640
Íslandsbanki 0526-18-650293 .....	33.221.933	30.692.650
	<u>33.239.770</u>	<u>30.710.290</u>

## 7. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	30.710.290	30.710.290
Hagnaður ársins .....	2.529.480	2.529.480
Eigið fé 31.12.2016 .....	<u>33.239.770</u>	<u>33.239.770</u>

## 8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru aðildarfélag LÍV. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

## 9. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 15. mars 2017.

## Sundurliðanir

	2016	2015
<b>Rekstrarkostnaður</b>		
Skattur til erlendra samtaka .....	10.651.788	10.982.570
<b>Laun og tengd gjöld</b>		
Laun .....	7.899.134	7.419.342
Launatengd gjöld .....	1.556.654	1.527.925
	9.455.788	8.947.267
<b>Ferðakostnaður og fundir</b>		
Ferðakostnaður og dagpeningar innanlands .....	395.831	920.639
Ferðakostnaður og dagpeningar erlendis .....	1.712.984	1.145.468
Fundir og ráðstefnur .....	583.313	607.607
LÍV þing .....	0	3.475.450
	2.692.128	6.149.164
<b>Annar kostnaður</b>		
Bifreiðastyrkur og aðkeyptur akstur .....	302.499	143.679
Prentun og pósthúðargjöld .....	0	47.342
Hugbúnaður og kostnaður við vefsíðu .....	91.863	536.296
Endurskoðun .....	193.079	184.796
Blóm og gjafir .....	0	6.540
Kostnaður við kjarasamninga .....	320.908	72.300
Auglýsingar og styrkir .....	6.200	36.185
Framlög til samstarfsverkefna .....	322.639	0
Gullmerki félagsins .....	110.000	0
Annar kostnaður .....	35.505	23.886
	1.382.693	1.051.024
	<u>24.182.397</u>	<u>27.130.025</u>